

Mál nr. 294/2014
M og
V vegna vatnstjónsliðar fasteignatryggingar.

Tjón á þaki húseignar sem kom fram í september 2014.

Gögn.

1. Málskot móttengið 23. september 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 13. október 2014.
3. Tölvupóstur M dags. 13. október 2014.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að rakavandamál hafi komið upp í húseigna M síðla síðasta vetur og hafi verið greiddar bætur vegna tjóns á gólfi vegna leka á neysluvatnslögn í gólfplötu sem þá hafði komið í ljós. Í september sl. hafi síðan komið í ljós mygla og bleyta í við í þaki húseignarinnar.

M telur að tjón á þaki húseignarinnar sem í ljós kom í september sl. sé hægt að rekja til þess að að umrædd neysluvatnslögn gaf sig í gólfplötu og falli því undir gildissvið fasteignatryggingar hjá V. M vísar til þess að skipt hafi verið um járn og pappa þaksins fjórum árum áður og þá hafi bleytu ekki verið vart. M telur að raki frá gólfi hafi leitað upp og þannig valdið tjóni á þaki.

V telur ekki sannað að tengsl séu á milli leka úr neysluvatnslögn í gólfplötu og þess tjóns sem M lýsir á þaki, þ.e. að orsakasamband sé ekki sannað. Einnig bendir V á að ef um orsakasamband væri að ræða þá sé sérkennilegt að einungis sé tjón á hluta þaksins.

Álit.

Ágreiningur í máli þessu varðar það hvort tjón sem M lýsir í málskoti falli undir gildissvið fasteignatryggingar hjá V. Í váttryggingarskilmálum þeirra tryggingar kemur fram að váttryggingin bæti skemmdir á váttryggðir húseign af völdum vatns, sem á upptök sín innan veggja hússins, og stafa eingöngu af skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislöögnum þess. Það er váttryggingartaki sem ber sönnunarbyrði fyrir því að tjón hans falli undir gildissvið váttryggingarinnar og þar af leiðandi hvort orsakasamband sé á milli leka á neysluvatnslögn, sem uppgötvaðist síðasta vetur, og þess tjóns sem nú er lýst á þaki húseignarinnar. Ekkert liggur fyrir sem staðfestir orsakasamband þarna á milli og af gögnum málsins verður ekki ráðið að leki úr lögn í gólfplötu húseignar geti valdið tjóni á þaki án þess að gögn liggi fyrir sem sýna fram á að það geti gerst. Hallann af þessum sönnunarskorti ber váttryggingartaki. Verður því ekki fallist á að V beri að greiða bætur úr vatnstjónslið fasteignatryggingar vegna tjóns á þaki húseignar M.

Niðurstaða:

M á ekki rétt á bótum úr vatnstjónslið fasteignatryggingar hjá V.

Reykjavík 28. október 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.